

1865.
18. júlí.

girða um land sitt, og skýra frá, hvenær og með hvaða heimild það hafi verið bannað að rækta beitolandið, eins og hann hefir getið um.

Eptir að dómsmálastjórninni nú hafa borizt skýrslur þær, sem beðið var um, með bréfi stiptamtsins dagsettu 15. febrúarm. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið samkvæmt skýrslum þeim, er það hefir fengið, fellst á uppástungu sýslumannsins, þá er að ofan er um getið, þannig, að þegar einhver af ábúendum tekur skika af haglendinu, til þess að rækta það, þá sè beit sú, sem hann má hafa í haglendinu, er þeir eiga fleiri saman, einskorðuð eptir tiltölu, ef að ástæða þykir vera til þess.

1. ágúst.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.

Um leið og vèr sendum yður, herra (tit.), eptirrit af 8. lið í athugagreinum rannsóknarmanna ríkisreikninganna við reikning konungsríkisins fjárhagsárið 1863—1864, eruð þér, í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar dagsett 5. júlímán. 1861 og 22. septembermán. f. á. smbr. bréf innanríkisstjórnarinnar 13. janúarmán. 1854, beðnir um, — af því að það enn þá ber þrafaldlega við, að sýslumennirnir gjöra ekki grein fyrir eins og vera ber, þegar þeir borga tekjurnar af sýslunum, fyrir hvaða tekjum þeir gjöri skil, — enn á ný að áminna alla sýslumenn í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, um að hegða sèr eptir því, sem fyrir er mælt í bréfum þessum, og bregða ekki útaf því. Dómsmálastjórnin skorar þaraðauki á yður, hvenær sem það ber við, að brotið er á móti reglum þessum, þá að setja þeim, sem blut á að máli, hæfilegan stuttan frest til þess að koma fram með skýrslur þær, sem vantar, og ef það er til einkis, þá viðstöðulaust að beita fjársekt við hann og skýra stjórnarráðinu síðan frá því.